



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Fimmtudaginn 25. október 2018 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8.00 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinum voru mætt: Halldór G. Ólafsson, Péturína L. Jakobsdóttir, Róbert Kristjánsson, Guðmundur Egill Erlendsson og Kristín B. Leifsdóttir og Magnús B. Jónsson, sveitarstjóri

Halldór G. Ólafsson oddviti setti fundinn og stjórnaði honum. Sveitarstjóri ritaði fundargerð

1. Forsendur fjárhagsáætlunar 2019

Fyrir fundinum lá minnisblað sveitarstjóra um helstu forsendur fjárhagsáætlunar 2019 þar sem m.a. kom fram:

- Álagning útsvars verði óbreytt frá yfirstandandi ári 14,52% en útsvarstekjur vaxi um 1% milli ára.
- Yfirlit um álagningarstuðla fasteignagjalda 2015-2018 og samantekt um heimildir til álagningar.
- Yfirlit um heildarframlög Jöfnunarsjóðs sl. 10 ár.
- Almenn verði miðað við 3% verðlagshækkanir.

Sveitarstjórn ræddi fyrirliggjandi forsendur og undirbúning og gerð fjárhagsáætlunar almennt og vísað minnisblaðinu til frekari umræðu og vinnu við fjárhagsáætlunina.

Verkátun fyrir vinnu sveitarstjórnar við gerð fjárhagsáætlunarinnar sem einnig lá fyrir fundinum var samþykkt.

2. Lögreglusamþykkt í umdæmi lögreglunnar á Norðurlandi vestra

Fyrir fundinum lá tillaga að lögreglusamþykkt fyrir lögsagnarumdæmi sveitarfélaganna; Akrahrepps, Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Sveitarfélagsins Skagastrandar, Blönduósbæjar, Húnavatnshrepps og Húnaþings vestra. Málið var áður til umfjöllunar sveitarstjórnar 7. desember 2017 en þá var samþykkt að gerð yrði ein lögreglusamþykkt fyrir sveitarfélögin á Norðurlandi vestra. Sveitarstjórn ræddi fyrirliggjandi lögreglusamþykkt og samþykkti hana fyrir sitt leyti.

3. Ársreikningur Snorrabergs ehf 2017

Fyrir fundinum lá ársreikningur Snorrabergs ehf 2017.

Ársreikningurinn var til kynningar.

4. Greinargerð um gamla húsið á Litla Felli

Fyrir fundinum lá greinargerð um gamla húsið á Litla Felli sem unnin var af Argos ehf, arkitektastofu Grétars og Stefáns. Í greinargerðinni sem unnin var með stuðningi Húsafriðurnarsjóðs kemur fram að húsið hafi upphaflega verið byggt á Hólanesi um



aldamótin 1900 en verið flutt upp að Litla Felli um 1920. Í greinargerðinni eru bæði ljósmyndir og uppdrættir af húsinu og gerð tillaga að staðsetningu og endurgerð þess ef það verði fært og endurbyggt á nýjum stað.

Greinargerðin var til kynningar.

5. Málefni fatlaðra

a) Slit Róta bs

Fyrir fundinum lá bréf Kristjáns Jónassonar Endurskoðanda hjá KPMG dags. 13. júní 2018 þar sem hann gerir grein fyrir uppgjöri og skiptalokum Róta bs. Til að hægt sé að leggja Rætur bs formlega niður þurfi allar sveitarstjórnir á svæðinu að undirrita og samþykkja þann gjörning. Svohljóðandi bókun var samþykkt samhljóða:

„Sveitarstjórn Skagastrandar samþykkti á fundi með öðrum eignaraðilum í Rótum bs. 27. janúar 2017 að slíta félaginu. Sama dag var skipuð skiptastjórn í Rótum bs. Skiptastjórn hefur nú lokið störfum og úthlutun hennar á eignum Róta bs liggur fyrir.

Sveitarstjórn Skagastrandar samþykkir úthlutun skiptastjórnar og samþykkir að starfsemi Róta bs verði hætt og félagið lagt niður og afmáð úr firmaskrá. Sveitarstjórn felur hér með KPMG ehf. að annast samskipti við firmaskrá við afskráningu félagsins.“

b) Rekstraryfirlit jan – ágúst 2018 ásamt skýringum

Fyrir fundinum lá rekstraryfirlit frá Sveitarfélaginu Skagafirði vegna málefna fatlaðra ásamt skýringum Grétu Sjafnar Guðmundsdóttur félagsmálastjóra sveitarfélagsins.

Rekstraryfirlitið og skýringarnar voru til kynningar.

6. Starfsmannahald

Sveitarstjóri gerði grein fyrir að Kristín Björnsdóttir hafi sagt starfi sínu lausu sem bókari og launafulltrúi sveitarfélagsins. Samþykkt að fela sveitarstjóra að auglýsa starfið í samráði við Alexöndru Jóhannesdóttur, nýjan sveitarstjóra.

7. Endurskoðun á reglum um leiguíbúðir

Á fundinum voru lögð fram drög að breytingum á reglum sveitarfélagsins um útleigu á íbúðum sem sveitarstjóri kynnti. Eldri reglur eru frá 2008. Þær breytingar eru aðallega gerðar á reglunum að heimilt verður að veita leyfi til gæludýrahalds í raðhúsum sveitarfélagsins og sérstök regla er sett um riftun leigusamnings ef til alvarlegra vanskila kemur.

Sveitarstjórn ræddi reglurnar en samþykkti þær síðan samhljóða.

8. Bréf

a. Persónuverndar, dags. 10. október 2018

Í bréfinu kemur fram að Persónuvernd hafi hafið úttekt á því hvort stjórnvöld hafi tilnefnt persónuverndarfulltrúa og óskað eftir að Persónuvernd berist upplýsingar um tilnefninguna. Meðfylgjandi bréfinu var afrit af tölvupósti sem var sendur Persónuvernd 13. júlí sl. þar sem



tilkynnt er um að Svavar H. Viðarsson hafi verið tilnefndur persónuverndarfulltrúi sveitarfélagsins. Sveitarstjóri upplýsti hins vegar að Svavar hafi hætt störfum hjá Advania og óskað eftir að vera ekki skráður persónuverndarfulltrúi sveitarfélagsins. Því þurfi að tilnefna nýjan fulltrúa.

Samþykkt að tilnefna Magnús B. Jónsson sem persónuverndarfulltrúa.

b. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, dags. 2. október 2018

Með bréfinu er auglýst eftir umsóknum um byggðakvóta vegna fiskveiðiársins 2018/2019. Umsóknarfrestur er til 1. nóvember nk. Sveitarstjóra falið að senda umsókn um byggðakvóta samkvæmt drögum að umsókn sem einnig lá fyrir fundinum.

c. Slysavarnafélagsins Landsbjargar, dags. 10. október 2018

Með bréfinu er óskað eftir 50 þús. kr. styrk til útgáfu 90 ára afmælisblaðs Slysavarnafélagsins Landsbjargar.
Samþykkt að styrkja útgáfuna.

9. Fundargerðir

d. Stjórnar Tónlistarskóla A-Hún, 29.08.2018

Ársreikningur Tónlistarskólans 2017

Fundargerð og ársreikningur voru til kynningar.

e. Stjórnar Byggðasamlags um menningu og atvinnumál, 31.08.2018

Fundargerðin var til kynningar.

f. Stjórnar Norðurár bs, 4.07.2018

Fundargerðin var til kynningar.

g. Aðalfundar Norðurár bs. 10.09.2018

Ársreikningur Norðurár bs 2017

Fundargerð og ársreikningur voru til kynningar.

h. Stjórnar SSNV, 2.10.2018

Fundargerðin var til kynningar.

i. Stjórnar HNV, 9.10.2018

Fundargerðin var til kynningar.

j. Skólanefndar FNV, 9.10.2018

Fundargerðin var til kynningar.



k. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 10.10.2018
Fundargerðin var til kynningar.

l. Heimilisiðnaðarsafnsins 21.09.2018
Fundargerðin var til kynningar.

2. Önnur mál

Sveitarstjórn samþykkti að koma á sameiginlegum fundi sveitarstjórnar og atvinnumálanefndar á næstu vikum.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl 11.55

Halldór G. Ólafsson,

Péturína L. Jakobsdóttir

Róbert Kristjánsson

Guðmundur E. Erlendsson

Kristín B. Leifsdóttir

Magnús B. Jónsson